

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ársæls Jónassonar, kafara.

Dags. 28. júlí 1991 með breytingum 29. desember 1994.

1. gr.

Samkvæmt fyrimælum í erfðaskrá Ársæls Jónassonar, kafara og björgunarsérfræðings, kt. 021001-2449, Hringbraut 53, Reykjavík, sem andaðist 2. mars 1990, skulu allar eftirlátnar eigur hans renna í minningarsjóð er beri nafn hans, sbr. fyrirsögn hér að ofan.

Þær eignir sem renna til sjóðsins eru eftirfarandi:

Fasteignir:

Hringbraut 63, efri hæð, kjallari og bílskúr.

Hluti lóðarinnar Vesturgata 24, Reykjavík.

Hluti jarðarinnar Mið-Meðalhólts í Flóa.

Hluti jarðarinnar Þingdalur í Flóa.

Hluti jarðarinnar Tortu í Biskupstungum.

Samtals að fasteignamati 1. desember 1993

kr. 8.994.000,00.

Inneign í verðbréfasjóði þann 28. desember 1994

kr. 28.500.000,00.

Hlutabréf þann 28. desember 1994

kr. 705.000,00.

Að auki eru ýmsir lausamunir í búinu, svo sem innbú, sérslegin mynt o.fl.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa jafnan fimm menn: Formaður Björgunarsveitarinnar Ingólfs, forseti Slysavarnafélags Íslands, forseti Ferðafélags Íslands, og auk þeirra Jónas Halldórsson, trésmiður, Langhóltsvegi 178, Reykjavík og Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi, Hafnarstræti 11, Reykjavík. Að tveim þeim síðasttöldu frágengnum skulu einhverjir af nánustu ættingjum mínum í móðurætt taka sæti í stjórninni, eftir tilnefningu þess sem vikur, en njóti hans ekki við skal sá, sem eftir situr tilnefna eftirmanninn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja menningar og mannúðarstarfsemi, sem stofnanda var hugleikin, á þann hátt sem mælt er fyrir í næstu grein.

4. gr.

Helmingur af árlegum tekjum sjóðsins skal ávallt lagður við höfuðstól en öðrum helmingi skal varið þannig: Árið 1991 fellur hann til Björgunarsveitarinnar Ingólfs í Reykjavík til kaupa á björgunartækjum og upp frá því skal helmingi tekna annað hvert ár varið í sama skyni.

Það árið, sem ekki er úthlutað til Björgunarsveitarinnar skal helmingur af árstekjum renna til Ferðafélags Íslands og varið til að stuðla að heilbrigðu útlífi almennings með því:

a) Að auðvelda gönguferðir til æskilegra staða. Skal þar sérstaklega haft í huga að greiða gönguleið sunnanvert upp á Esju m.a. með lagningu strengjabrautar þar sem þess teldist þörf.

b) Að byggja sæluhús eða skýli í óbyggðum til öryggis og hagræðis fyrir ferðamenn.

Sérákvæði eru um fasteignir sjóðsins í næstu grein.

5. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá stofnanda má aldrei selja fasteignir búsins, aðrar en hluta í lóð að Vesturgötu 24.

Leigutekjur af íbúðum og bílskúr að Hringbraut 63 falla til sjóðsins og ávaxtast á sama hátt sem önnur peningaeign hans.

Eignarhluta stofnanda í jörðunum Tortu í Biskupstungum, Mið-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi og Þingdal í Villingaholtshreppi skal eingöngu nýta til skógræktar, á jörðunum sjálfum svo sem framast er kostur. Tekjum af jörðunum skal varið í sama skyni, svo og því andvirði þeirra sem kynni að falla til við þvingaða sölu eða eignarnám. Sjóðsstjórn er heimilt að fela Skógrækt ríkisins eða viðurkenndu skógræktarfélagi í Árnassýslu að sjá um framkvæmd skógræktar á jörðunum.

6. gr.

Peningaeign sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem arðgæfastan og fulltryggðan hátt, t.d. í spariskírteinum ríkissjóðs eða öðrum sambærilegum verðbréfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman árlega eigi síðar en í apríl og skulu þá liggja fyrir reikningar næstliðins almanaksárs, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem sjóðsstjórn hefur kjörið. Í endurskoðun felst m.a. að gæta þess að tekjum hafi verið varið í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Breytingu á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að stjórn sjóðsins samþykki þær einróma og ráðherra samþykki þær.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af undirrituðum samkvæmt fyrirmælum stofnanda í erfðaskrá hans dags. 9. júlí 1983, sem jafnframt mælir svo fyrir að fylgt sé óskráðum hugmyndum, sem hann lét í ljósi við gerð erfðaskrárinnar. Staðfestingar á skránni verður leitað þegar skorið hefur verið úr ágreiningi um gildi erfðaskrárinnar.

Reykjavík, 29. desember 1994.

Unnsteinn Beck.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.